

Niðurstöður aðalfundar Skipta hf. sem haldinn var 22. Apríl 2009.

**1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári**

Formaður stjórnar, Lýður Guðmundsson, gerði grein fyrir starfi stjórnar á öðru starfsári félagsins.

**2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar**

Forstjóri Skipta hf., Brynjólfur Bjarnason, gerði grein fyrir reikningi félagsins. Fram kom að tap var á rekstri félagsins að fjárhæð 6.423.519 þús.kr. Ársreikningur Skipta hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er áritaður af stjórn og endurskoðanda.

Fundarmenn samþykktu ársreikning félagsins samhljóða.

**3. Tillaga skv. 3. dagsskrárlið um breytingar á samþykktum félagsins**

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga:

*„Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að hlutafé félagsins verði lækkað þannig að nafnvirði útgefinna hluta verði 9.650.000.000, - níu milljarðar sexhundrað og fimmtíu milljónir krónur - og að gr. 4.1. í samþykktum félagsins verði breytt til samræmis.*

*Tilgangur lækkunarinnar er að færa eigin hluti félagsins niður fyrir lögbundið hámark.“*

Á fundinum kom fram svofelld breytingartillaga, sem fundarstjóri kynnti:

*“Í samþykktir félagsins komi ný gr., sem verði gr. 4.8 og hljóði svo:*

*Stjórn félagsins er veitt heimild til að annast framkvæmd lækkunar á hlutafé félagsins þannig að nafnvirði útgefinna hluta verði allt að 9.650.000.000, - níu milljarðar sexhundrað og fimmtíu milljónir krónur.-*

*Tilgangur lækkunarinnar er að færa eigin hluti félagsins niður fyrir lögbundið hámark. Heimild þessi gildir fram til 30. september 2009, sbr. 60. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.“*

Breytingartillagan var samþykkt einróma.

**4. Tillaga félagsstjórnar skv. 4. dagsskrárlið um greiðslu arðs**

*“Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að aðalfundur haldinn 22. apríl 2009 samþykki að ekki verði greiddur út arður til hluthafa. Tap félagsins að fjárhæð 6.423.519 þús.kr. verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.“*

Tillagan var samþykkt einróma.

**5. Tillaga skv. 5. dagskrárlið um framboð til stjórnar**

Fundarstjóri kynnti þau framboð sem borist höfðu til stjórnar félagsins með skriflegum hætti 5 dögum fyrir fundinn, sbr. 63. a í hlutafélagalögum, en þau voru eftirfarandi:

Lýður Guðmundsson, kennitala: 170767-5199

Rannveig Rist, kennitala: 090561-2359

Erlendur Hjaltason, kennitala: 211157-7399

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, kennitala: 031260-3889

Hildur Árnadóttir, kennitala: 040866-3459

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn Skipta hf., voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörnir til setu í stjórn Skipta hf. fyrir næsta kjörtímabil.

Lýður Guðmundsson notaði tækifærið og þakkaði Panikos Katsouris fyrir vel unnin stjórnarstörf í þágu félagsins.

**6. Tillaga félagsstjórnar skv. 6. dagsskrárlið um endurskoðunarstofu**

*"Lagt er til að Deloitte hf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, verði endurkjörið endurskoðunarstofa Skipta hf. fyrir árið 2009."*

Tillagan var samþykkt einróma.

**7. Tillaga félagsstjórnar skv. 7. dagsskrárlið um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil**

*"Lagt er til að aðalfundur Skipta hf. haldinn 22. apríl 2009 samþykki að þóknun stjórnarmanna vegna ársins 2009 verði svofelld: þóknun stjórnarformanns verði kr. 400.000 á mánuði en þóknun annarra stjórnarmanna kr. 200.000 á mánuði. Þóknun stjórnarmanna fyrir setu í undirnefndum, sbr. ákvæði þar um í starfskjarastefnu félagsins, verði kr. 40.000 á mánuði en þóknun formanns í hverri nefnd verði kr. 80.000 á mánuði."*

Tillagan var samþykkt einróma.

**8. Tillaga félagsstjórnar skv. 8. dagsskrárlið um starfskjarastefnu**

*"Stjórn Skipta hf. leggur til að starfskjarastefna Skipta sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins þann 27. febrúar 2008 verði samþykkt á ný í óbreyttri mynd."*

Tillagan var samþykkt einróma.

Lýður Guðmundsson þakkaði fundarmönnum fyrir komuna á fundinn og stjórnendum fyrir vel unnin störf á árinu. Að þessu sögðu sleit hann fundinum.

Fundargerð ritaði Kristín Guðmundsdóttir.